



Atvinnu- og menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar

**VARÐAR: Vistaskipti listamanna í Ísafjarðarbæ og vinabæjarins Linköping og hvernig staðið verður að vali á listamanni.**

Við leggjum til að valið fari fram í samvinnu við SÍM – Samband íslenskra myndlistarmanna sem tilnefna einn hlutlausan aðila í valnefnd. Þar sem tiltölulega fáir myndlistarmenn eru búsettir í bæjarfélaginu er gert ráð fyrir því að umsóknir verði innan við tíu talsins og þá verður greiðslan til fulltrúa SÍM ekki hærrí en kr. 20.000,-

Lagt er til að tilboðið verði auglýst 10. apríl og skilafrestur verði til miðnættis 30. apríl.

Í forvalinu verði valdir 2-3 listamenn og umsóknir þeirra sendar til Linköping ekki síðar en 14. maí. Þar fer lokavalið fram og úrslitin verða kynnt opinberlega við opnun nýs menningarhúss haustið 2018.

**Tillaga að auglýsingu:**

Atvinnu- og menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar auglýsir eftir umsóknum frá myndlistarmönnum í bæjarfélaginu sem vilja taka þátt í samstarfsverkefni við Linköping vinabæ okkar í Svíþjóð.

Frumkvæðið að þessu samstarfi kemur frá Linköping, en þar er nú verið að byggja nýtt menningarhús sem tekið verður í notkun haustið 2018. Rekstrarstjóri Menningarhússins, Márten Hafström, verður ábyrgur fyrir gestavinnustofum fyrir listamenn sem til stendur að reka í menningarhúsinu í samvinnu við sýningarrýmið Passagen.

Linköping býður Ísafjarðarbæ að tilnefna tvo-þrjú listamenn og úr þeim hópi verður einum listamanni boðið til þriggja mánaða dvalar í Linköping. Greitt verður fyrir ferðir, efniskostnað, uppihald auk gistingar og vinnuaðstöðu. Gert er ráð fyrir því að listamaðurinn/konan haldi sýningu, kenni námskeið og/eða haldi fyrirlestur/listamannaspjall á meðan á dvölinni stendur.

Reiknað er með því að viðkomandi listamaður dvelji í Linköping í þrjú mánuði á tímabilinu febrúar til ágúst 2019.

Listamenn eru hvattir til að senda inn umsókn fyrir miðnætti 30. apríl n.k. á netfangið: ?????

Umsóknin sem þarf að vera á ensku skal innihalda eftirfarandi:

- Ferilskrá
- 5-7 sýnishorn af verkum með stuttum skýringartexta (hámark 100 orð fyrir hvert verk)
- Stutta hugleiðingu um hvernig viðkomandi hyggst nýta dvölinu í Linköping.

Gæta þarf þess vel að myndir séu ekki of stórar/þungar og einungis er tekið á móti gögnum sem eru í viðhengi við tölvupóst (ekki myndum sem settar eru inn í tölvupóst) eða gögnum sem send eru með wettransfer eða sambærilegu forriti.

Frekari upplýsingar veitir Þórdís Sif Sigurðardóttir (???) hjá Ísafjarðarbæ og/eða Elísabet Gunnarsdóttir (868 1845) hjá gestavinnustofum Artsiceland á Ísafirði sem einnig er samstarfsaðili að verkefninu.

.....  
Ísafirði 5. apríl 2018



Elísabet Gunnarsdóttir  
Forstöðumaður Artsiceland

**Artsiceland**  
**Outvert Art Space/**  
**Gallerí Úthverfa**  
Aðalstræti 22  
400 Ísafjörður  
Iceland  
www.kolsalt.is  
artsiceland@simnet.is  
+354 868 1845